

SAMSTARF SAFNA – ÁBYRGÐASÖFN

SAMEINING OG SAMSTARF SAFNA Á SUÐURLANDI

**SAMANTEKT UNNIN FYRIR
SAMTÖK SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLGA**

NÓVEMBER 2021



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Aðferð við vinnu samantektarinnar

Háskólafélag Suðurlands vann eftirfarandi samantekt um samstarf og sameiningu safna á Suðurlandi. Samantektin var unnin af Guðlaugu Ósk Svansdóttur verkefnastjóra hjá Háskólafélagi Suðurlands.

Við öflun gagna við vinnu á þessari samantekt voru lagðar fyrir tvær kannanir. Fyrri könnunin var send á forsvarsfólk viðurkenndu safnanna á Suðurlandi sem eru sex talsins. Um var að ræða opnar spurningar fyrir utan bakgrunnsspurningar.

Seinni könnunin var senda á forsvarsfólk annarra safna, setra, sýninga og safnavísa á Suðurlandi, alls svöruðu aðilar fyrir 19 söfn, setur, sýningar og safnavísa. Spurningar til þeirra voru bæði opnar og lokaðar.

Við samantektina var einnig stuðst við netið við öflun gagna og eru heimildir sem sóttar voru með hlekk á viðkomandi heimild þar sem við á.

Samantektin endurspeglar svör allra aðila sem svöruðu og eru þær túlkaðar á tvo vegu, þ.e. fyrst eru svör forsvarsfólks viðurkenndu safnanna sett fram og í framhaldinu eru svör frá forsvarsfólki annarra safna, setra, sýninga og safnavísa tekin saman. Í lokaorðum eru svör allra tekin saman og túlkuð ásamt því að setja fram möguleg tækifæri til að efla samstarf þeirra til framtíðar.

Höfundur
Guðlaug Ósk Svansdóttir
Verkefnastjóri
Háskólafélag Suðurlands
Nóvember 2021

EFNISYFIRLIT

	Bls
Helstu niðurstöður	4
Inngangur	5
Safnalög	5
Safnaráð	5
Samstarf á Íslandi	6
Höfuðsöfnin þrjú	6
Viðurkennt safn og ábyrgðarsafn	6
Safnastarfsemi á Suðurlandi	8
Viðurkenndu söfnin á Suðurlandi	8
Byggðasafn Árnesinga	8
Byggðasafnið í Skógum	9
Listasafn Árnesinga	9
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	9
Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum	9
Veiðisafnið á Stokkseyri	9
Niðurstöður könnunar um sameiningu og samstarf viðurkenndra safna á Suðurlandi	11
Tækifæri til samstarfs viðurkenndra safna	11
Tækifæri til sameiningar viðurkenndra safna	11
Hindranir við samstarf viðurkenndra safna	12
Hindranir við sameiningu viðurkenndra safna	12
Gróska í safna- og sýningarstarfi á Suðurlandi	12
Önnur safnatengd starfsemi, safnavísar, setur og sýningar	13
Helstu niðurstöður könnunar á meðal safna, sýninga og safnavísa	13
Samstarf safna á Suðurlandi	14
Áhrif Covid-19 á söfn, sýningar og safnavísa	15
Lokaorð	16

Niðurstöður

- Á Suðurlandi eru sex viðurkennd söfn og eru þau með mjög ólíka sérstöðu fyrir utan byggðasöfnin tvö í Árnassýslu og í Skógum. Eignarhald þeirra er að mestu eins, en það eru sveitarfélögin eða héraðsnefndirnar á Suðurlandi sem eiga söfnin fyrir utan Veiðisafnið.
- Nú þegar er nokkuð samstarf hjá viðurkenndu söfnunum á Suðurlandi m.a við höfuðsöfnin og önnur minni söfn og sýningar, en ekki mikið samstarf þeirra á milli. Þau eru helst í samstarfi við önnur söfn eins og höfuðsöfnin eða önnur minni söfn og sýningar sem eru með svipaða starfsemi og sérþekkingu og þau sjálf. Sum þeirra hafa verið í samstarfi við bókasöfn eða héraðskjallasöfn á sínu starfssvæði.
- Ljóst er að öll viðurkenndu söfnin hafa áhuga á auknu samstarfi innan landshlutans og telja að tækifæri liggja í samstarfi um markaðs- og kynningarstarf, og aðgang að tæknilausnum og stafrænum lausnum. Einnig var nefnt að samstarf um gerð fræðsluefnis, samsýningar og farandsýningar væri spennandi. Jafnframt var vilji til aukins samráðs um vinnuferla og verkefni sem gætu falið í sér t.d. starfsmannaskipti og jafnvel sameiginlegan starfsmann sem sinni forvörslu á Suðurlandi.
- Ekki er mikill áhugi á sameiningu meðal forstöðufólks viðurkenndu safnanna og nefna þau meðal annars miklar fjarlægðir sem hindrun þar sem landshlutinn Suðurland er víðáttumikill og fjarlægðir miklar. Suðurland nær yfir 30.966 km² af Íslandi, allt frá Herðisarvík í vestri að Lónsheiði í austri (450 km. á milli) ásamt Vestmannaeyjum. Þessi víðátta gerir það að verkum að sameining viðurkenndra safna í landshlutanum er ekki fýsilegur kostur að mati forstöðufólks safnanna.
- Fram kom að samlegðaráhrif gætu helst verið á meðal héraðskjallasafnanna á Suðurlandi en hlutverk þeirra er að efla þekkingu á þjóðarsögunni og stuðla að rannsóknum á henni. Á Suðurlandi eru fjögur héraðskjallasöfn.
- Mikil sérþekking er innan viðurkenndu safnanna á Suðurlandi sem nýtist ekki vel við sameiningu að mati forstöðufólksins. Sérþekkingingin gæti mögulega nýst í sameiningu við sambærileg söfn í öðrum landshlutum en ekki innan Suðurlands.
- Á Suðurlandi er mikil flóra safna, setra, sýninga og safnavísa. Það liggja tækifæri til samstarfs þeirra á milli og einnig við viðurkenndu söfnin í landshlutanum. Samkvæmt niðurstöðu könnunar meðal rekstaraðila þeirra er þó nokkur áhugi á samstarfi og því vert að kanna það betur.
- Að mati svarenda þá telja flestir að tímaleysi, vegalengdir, fjármagnsskortur og mannekla letji til samstarfs. Pólítískan vilja þurfi, samhliða fjármagni til að ná fram auknu samstarfi.

Inngangur

Byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 var samþykkt á Alþingi 11. júní 2018. Liður C-14 í byggðaaætluninni hefur það verkefnismarkmið að efla samstarf í landshlutum. Landshlutasamtökum sveitarfélaga var falið að gera fýsileikakönnun um aukið samstarf og/eða sameiningu safna hvert í sínum landshluta. Samstarf eða sameining safna skal vera í samstarfi eða samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. gr. safnalaga nr. 141/2011, auk safnaráðs.

<https://www.althingi.is/altext/148/s/1242.html>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) að framkvæma könnunina og taka saman skýrslu um niðurstöður hennar fyrir Suðurland. Árangur af verkefninu verður mældur í fjölda safna sem hafa hug á, eða vilja hefja samvinnu eða sameiningu við höfuðsafn eða viðurkennt safn í landshlutanum.

<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=60f05218-ed05-4d49-878a-18eeb7c9225a&itemid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>

Safnalög

Í safnalögum, nr. 141/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2013, er kveðið á um skipulag safnastarfs í þeim tilgangi að efla starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands. Það er mennta- og menningarmálaráðherra sem fer með yfirstjórn þeirra mála sem safnalög ná til. Ráðherra skipar safnaráð til fjögurra ára í senn. Safnaráð sinnir m.a. eftirliti með safnastarfi, stefnumörkun, viðurkenningum, kemur að húsnæðis- og öryggismálum safna, skráningarkerfum, ráðstöfun safngripa, veitir umsagnir til ráðherra og margt fleira. Forstöðumenn höfuðsafna sitja fundi safnaráðs.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

Safnaráð

Safnaráð gerir tillögur til ráðherra um úthlutun styrkja úr safnasjóði. Hutverk safnasjóðs er að efla starfsemi safna sem falla undir safnalögin. Þannig getur safnasjóður styrkt rekstur og skilgreind verkefni viðurkenndra safna, samstarf milli slíkra safna innbyrðis og önnur verkefni. Öll önnur söfn, safnavísar, setur og sýningar geta fengið styrk úr safnasjóði til skilgreindra verkefna sem eru í samstarfi við viðurkennd söfn. Þá þarf viðurkennt safn að vera aðalumsækjandi og ábyrgðaraðili verkefnisins sem sótt er um. Höfuðsöfn og önnur söfn sem ríkið rekur getur verið aðili að slíku samstafsverkefni. Safnasjóður getur einnig veitt styrki til alþjóðlegra verkefna sem viðurkennd söfn taka þátt í.

<https://safnarad.is/safnasjodur/>

Safnaráð hefur eftirlit með viðurkenndum söfnum samkvæmt safnalögum nr. 141/2011. Eftirlit safnaráðs með viðurkenndu söfnunum er þrjúþætt; eftirlit með rekstri, eftirlit með húsakosti safns, aðbúnaði safnaskosts, varðveislu gripa og öryggismálum og að lokum eftirlit með skráningu gripa og aðgengi að safnakosti og sýningum.

<https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/effirlit-med-vidurkenndum-sofnum/>

Safnastarf á Íslandi

Í safnalögum er skýrt kveðið á um skipulag safnastarfs, þar kemur fram: efla skal starfsemi safna við varðveislu menningar- og náttúruarfs Íslands, tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, veita fólki aðgang að honum og stuðla að aukinni þekkingu á þessari arfleifð og skilningi á tengslum hennar við umheiminn. Söfn á Íslandi gegna mikilvægu hlutverki við að varðveita þennan merkilega arf landsins og er það m.a. gert með skráningu, rannsóknum og sýningum. Á Íslandi eru eftirfarandi skilgreiningar á söfnum; höfuðsafn, ábyrgðasafn, viðurkennt safn eða óviðurkennt safn.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

Höfuðsöfnin þrjú

Höfuðsöfnin eru þrjú og eru þau öll í eigu ríkisins eins og fram kemur í safnalögum. Þau eru Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands og eru þau miðstöðvar safnastarfsemi hvert á sínu sviði. Söfnin eru öll stofnuð með lögum og eiga m.a. að vera öðrum söfnum til ráðgjafar og eiga að stuðla að samvinnu safna og samræmdri stefnu hvert innan síns sviðs. Þau eiga að vera leiðandi þegar kemur að faglegu samstafi á meðal safna og annarra aðila.

<https://safnarad.is/safnastarfsemi/hofudsofnin-thrju/>

Höfuðsöfnin þrjú starfa eftir lögum og hvert á sínu sviði. Listasafn Íslands starfar eftir lögum um myndlist, hlutverk þess er samkvæmt lögum: að safna íslenskri myndlist, vera miðstöð varðveislu, rannsókna, heimildasöfnunar og miðlunar á íslenskri myndlist. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012064.html>

Þjóðminjarsafnið starfar eftir lögum um Þjóðminjasafn Íslands og er hlutverk þess samkvæmt lögum „að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar“.

<https://www.althingi.is/lagas/151b/2011140.html>

Náttúruminjasafnið starfar eftir lögum um Náttúruminjasafn Íslands og er hlutverk þess samkvæmt lögum „að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi“.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007035.html>

Viðurkennt safn og ábyrgðarsafn

Viðurkennt safn er safn sem hefur verið samþykkt eftir að hafa farið í gegnum viðurkenningarferli safnaráðs og samþykkt af ráðherra að fenginni tillögu safnaráðs. Viðurkennd söfn á Íslandi eru alls 46 og eru sex þeirra á Suðurlandi. Byggðasafn Árneseinga, Byggðasafnið Skógum, Listasafn Árneseinga, Menningarmiðstöðin á Höfn, Veidðisafnið á Stokkseyri, og Sagnheimar í Vestmannaeyjum. Hvert viðurkennt safn hefur ákveðið starfssvið eða starfssvæði og er það tilgreint í stofnskjali þess. Ein af forsendum til að geta sótt um rekstrarstyrk í Safnasjóð er að vera viðurkennt safn og aðeins slík söfn geta sótt um að vera ábyrgðarsafn. Ábyrgðarsafn er einnig viðurkennt safn sem ráðherra hefur falið ábyrgð á ákveðnum þáttum safnastarfs á tilteknu sviði eða landsvæði. Safnaráð er eftirlitsaðili með viðurkenndum söfnum og getur gert tillögu til ráðherra um afturköllun viðurkenningar ef safn uppfyllir ekki skilyrðin sem þau starfa eftir. Ef safn hættir eða ef rekstrarform þess breytist þarf safnið að ráðfæra sig við viðkomandi höfuðsafn um ráðstöfun eigna og gripa safnsins. Höfuðsafn eru einu söfnin sem ekki þurfa að óska eftir viðurkenningu til þess að njóta réttinda samkvæmt safnalögum.

<https://www.althingi.is/lagos/nuna/2011141.html>

Samkvæmt 10. gr safnalaga nr. 141/2011 þarf viðurkennt safn að uppfylla eftirfarandi skilyrði;

1. Safn skal vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi þess og skipar því stjórn. Safn skal ekki rekið í hagnaðarskyni.
2. Safn skal hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eiganda. Reikningar safns skulu vera áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Það skal árlega senda skýrslu um starfsemi sína og fjárhagslegt uppgjör til safnaráðs.
3. Safn skal starfa eftir stofnskrá eða samþykkt sem safnaráð hefur staðfest, sbr. 7. gr. safnalaga. Í stofnskrá eða samþykkt skal tilgreina viðfangsefni og starfssvæði safnsins. Stofnskrá eða samþykkt viðurkennds safns skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
4. Safn skal starfa í samræmi við skilmála safnaráðs um húsnæði, öryggismál, skráningarkerfi og faglega starfsemi. Upplýsingar um skráða gripa í varðveislu safns skulu vera aðgengilegar almenningi.
5. Safn skal veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku.
6. Aðgengi að húsnæði safns skal vera í samræmi við lög og reglugerðir og eins mikið tillit tekið til þarfa fólks með fötlun og kostur er.
7. Safn skal starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) og ákvæði laga.

Forstöðumaður safns skal hafa menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hafa aflað sér hliðstæðrar hæfni á annan hátt.

<https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/hvad-er-vidurkennt-safn/>

Safnastarfsemi á Suðurlandi

Á Suðurlandi er fjölbreytt starfsemi viðurkenndra safna, minni safna, safnavísa, setra og sýninga, en þau eru vel á fimmta tug. Þá eru, sem fyrr sagði, sex viðurkennd söfn á Suðurlandi og ná allt frá Hveragerði að Höfn í Hornafirði ásamt Vestmannaeyjum.

Viðurkenndu söfnin á Suðurlandi

Viðurkenndu söfnin á Suðurlandi eru Byggðasafn Árnesinga, Byggðasafnið í Skógum, Listasafn Árnesinga, Menningarmiðstöðin Höfn, Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn og Veiðisafnið á Stokkseyri.

<https://safnarad.is/vidurkennd-sofn/listi-yfir-vidurkennd-sofn/>

Listasafn Íslands er höfuðsafn Listasafns Árnesinga. Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn Byggðasafnsins í Skógum og Byggðasafns Árnesinga. Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands eru höfuðsöfn Sagnheima í Vestmannaeyjum en safnið hýsir bæði Sagnheima byggðasafn og Sagnheima náttúrugripasafn. Starfsemi Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er fjölbreytt og tilheyrir starfsemin öllum þremur höfuðsöfnunum. Listasafn Íslands er höfuðsafn Listasafnsins, Þjóðminjasafn Íslands er höfuðsafn Byggðasafnsins og Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn Náttúrugripasafnsins/jöklasafnið. Ekki fundust upplýsingar um höfuðsafn Veiðisafnsins.

Við vinnu þessarar skýrslu/samantektar var gerð könnun, fyrst meðal viðurkenndra safna og í framhaldi var könnun lögð fyrir öll söfn, setur, sýningar og vísa að söfnum, sem starfa á svæðinu. Samtökum sunnlenskra Sveitarfélaga fannst mikilvægt að ná til sem flestra er tengjast safnarekstri, þó að starfsemi svarenda hafi ekki öll fallið undir starfsheitið safn.

Seinni könnunin var send á öll söfn, safnavísa, setur og sýningar sem eru á póstlista SASS yfir aðila í menningartengdri starfsemi á svæðinu. Sum þessara safna eru nú þegar í einhverju samstarfi og/eða rekin af sama aðilanum. Alls komu svör fyrir 19 söfn, setur, sýningar og safnavísa. Unnið var úr öllum svörum en spurningar voru að mestu opnar fyrir utan bakgrunnsspurningar. Að auki var stuðst við heimildir á netinu, gögn frá viðurkenndu söfnunum og skýrslur um sambærileg verkefni frá Eyþingi og Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi.

Byggðasafn Árnesinga

Stofnskrá Byggðasafns Árnesinga var samþykkt 17. október 2013 af héraðsnefnd Árnesinga bs en byggðasafnið er í eigu héraðsnefndar Árnessýslu. Safnið hefur aðsetur á Eyrarbakka þar sem byggðasafnið er staðsett en samkvæmt stofnskrá þess má safnið vera með starfsemi og sýningar á fleiri stöðum í Árnessýslu. Héraðsnefndin skipar fagraráð sem starfar í umboði nefndarinnar og hefur fagraráðið yfirumsjón með byggðasafninu og markar því stefnu sem skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Fagraráðinu ber að ráða safnstjóra sem starfar í umboði ráðsins sem forstöðumaður safnsins. Meginhlutverk byggðasafnsins er að safna, skrá, varðveita, forverja og rannsaka minjar um byggða-, menningar- og atvinnusögu Árnessýslu og kynna þær almenningi.

<https://www.byggdasafn.is/safnid/stofnskra-byggdasafns-arnesinga/>

Saga safnsins nær þó mun lengra aftur í tímann fyrir samþykkt stofnskrár byggðasafnsins árið 2013. Fyrsti vísir að byggðasafni fyrir Árnessýslu var opnun byggðasafnsins 5. júlí 1964 á Selfossi. Í fyrstu hét safnið Byggða- og listasafn Árnesinga en með árunum þróaðist það þannig að hluti safnsins varð að Listasafni Árnesinga og annar hluti varð að Byggðasafni Árnesinga og var það síðar flutt á Eyrarbakka. Að undangenginni endurgerð á Húsinu á Eyrarbakka opnaði Byggðasafn Árnesinga árið 1995 í Húsinu. Frá þeim tíma hefur byggðasafnið vaxið og dafnað og í dag heyrir einnig undir það Sjóminjasafnið á Eyrarbakka, Þuríðarbúð á Stokkseyri og Rjómbúðið á Baugstöðum.

<https://www.byggdasafn.is/safnid/agrip-af-sogu-byggdasafns-arnesinga/>

Byggðasafnið í Skógum

Eigendur Byggðasafnsins í Skógum eru héraðsnefndir Rangæinga og Vestur- Skafftellinga og skipa þær stjórn safnsins. Safnið skiptist í þrjú söfn, byggðasafn, húsasafn og samgöngusafn. Elsti hluti safnsins er byggðasafnið en sýningarrýmið er á þremur hæðum og þar má finna muni og fræðslu um sjósókn, landbúnað, náttúrugripasafn, vefnað, forn handrit og bækur. Safnið er rekið sem sjálfstæð stofnun með eigin fjárhag en stjórn er skipuð af eigendum.

Byggðasafnið í Skógum hefur gengið í gegnum margar breytingar frá því að sýningin var gerð aðgengileg fyrir almenning í desember 1949 í Skógaskóla. Frumkvöðull að stofnun safnsins var Þórður Tómasson og hefur hann átt veg og vanda af velferð safnsins allt frá upphafi. Fyrstu árin var komið upp sýningum á munum safnsins í kennslustofum skólans á sumrin í samvinnu við sumarhótelid í Skógum. Árið 1952 fékk safnið að gjöf áttæringinn Pétursey frá Jóni Halldórssyni kaupmanni í Suður-Vík og þá var ljóst að safnið þurfti nýtt og stærra húsnæði. Því fór svo að árið 1954 var hafist handa við að byggja sýningunni húsnæði og ári seinna var risið myndarlegt safnhús sem rúmaði Pétursey og gott betur. Með byggingu safnhússins hófst uppbygging á gömlum bæjarhúsum á safnsvæðinu. Árið 1968 var fyrsta húsið flutt að Skógum og endurreist þar og í beinu framhaldi bættust við feiri hús í húsasafnið. Árið 2002 var reist 1510 fermetra stórt hús undir Samgöngusafnið sem er hluti af Skógasafni og sýnir sögu samgangna og tækni á Íslandi. Nýjasta viðbót safnsins er nýr móttökusalur í Byggðasafninu.

<https://www.skogasafn.is/is/sk%C3%B3gasafn/byggdasafn/>

Listasafn Árnesinga

Listasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga. Upphaf safnsins má rekja til þess að frú Bjarnveig Bjarnadóttir og synir hennar tveir, Bjarni Markús og Loftur Jóhannessynir, færðu Árnesingum um sjötíu listaverk á árunum 1963-1986. Verkin voru eftir helstu listamenn þess tíma og það elsta frá árinu 1900. Árið 1969 gaf Halldór Einarsson fæðingarhéraði sínu, Árnessýslu, tréskurðarsafn sitt, höggmyndir og teikningar ásamt tíu þúsund dollara peningagjöf. Þessi mikla gjöf var til þess að byggt var listasafnhús á Selfossi. Í upphafi var safnið hluti af Byggða- og listasafni Árnesinga á Selfossi, en árið 1994 varð safnið sjálfstæð stofnun. Árið 2001 fékk það heitið Listasafn Árnesinga og var flutt í Hveragerði þar sem það hefur verið starfrækt síðan. Safnið var fyrsta listasafnið utan höfuðborgarsvæðisins sem var opið almenningi og hefur æ síðan boðið upp á fjölbreyttar og metnaðarfullar sýningar. Safnið stendur fyrir fræðslustarfi fyrir mismunandi skólástig, listamenn, fræðimenn og almenning. Safnið hlaut íslensku safnaverðlaunin árið 2018 fyrir framúrskarandi starfsemi.

<https://listasafnarnesinga.is/>

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Menningarmiðstöð Hornafjarðar varð til árið 1990 með sameiningu nokkurra safna. Heiti hennar var upphaflega Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu en breyttist árið 2001 í Menningarmiðstöð Hornafjarðar. Atvinnu- og ferðamál hjá sveitarfélaginu Hornafirði sameinaðist Menningarmiðstöð Hornafjarðar árið 2020 og er í dag miðstöð menningar-, atvinnu, og ferðamála. Innan menningarmiðstöðvarinnar starfa sex söfn, þau eru byggða-, sjóminja-, náttúrugripa-, lista-, bóka-, héraðsskjala-, náttúrugripa- og sjóminjasafn. Miðstöðin leggur áherslu á miðlun, fræðslu og skrásetningu menningararfs Hornafjarðar.

<https://www.hornafjordur.is/mannlif/menning/>

Sagnheimar – Byggðasafn og Náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum

Í byrjun árs 2020 sameinuðust þrjú söfn: Byggðasafnið, Náttúrugripasafnið og Skanssvæðið saman undir heitinu Sagnheimar og er það rekið af Vestmannaeyjabæ. Saga Sagnheima hófst árið 1932 þegar frumkvöðlar þess fengu fyrsta safngripinn í hendur. Til að byrja með voru fyrstu munirnir geymdir í íbúðahúsi og svo í gagnfræðiskólanum í Vestmannaeyjum. Árið 1963 flutti safnið í betra húsnæði og var opnað almenningi. Fimm árum seinna var tekin fyrsta skóflustungan að safnabyggingu sem átti að hýsa bókasafn, byggðasafn og listaverk bæjarins. Byggðasafnið var vígt árið 1978 og hefur verið í sama húsnæði síðan. Safnið hefur tekið ýmsum breytingum í gegnum árin og árið 2014 fengu Sagnheimar, byggðasafn viðurkenningu safnaráðs og hefur verið starfrækt sem slíkt síðan.

<https://www.sagnheimar.is/eigtheenth/eigtheenth/um-sagnheima/saga-safnsins/>

Veiðisafnið á Stokkseyri

Veiðisafnið var opnað árið 2004 og er sjálfseignarstofnun. Stjórn Veiðisafnsins rekur safnið eftir söfnunar- og sýningarstefnu þess. Veiðisafnið skal m.a. sinna fræðsluhlutverki við almenning og skóla og leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum. Í húsakynnum safnsins er einnig áhugavert Drífu byssusafn Jóns Björnssonar byssusmiðs ásamt skotfæraverkstæði þar sem sýnd eru tæki og tól til endurhleðslu skotfæra. Þá er árlega snertisafarí sem er sýning fyrir sjónskerta og blinda. Meginhlutverk safnsins er m.a. að kynna komandi kynslóðum veiði og veiðirétt með aðaláherslu á náttúruvernd og skynsemisveiðar.

https://www.hunting.is/files/Vei%C3%B0isafni%C3%B0_%C3%B6fnunar&S%C3%BDningarstefna.pdf

Niðurstöður könnunar um sameiningu og samstarf viðurkenndra safna á Suðurlandi

Könnun var send á forstöðufólk allra viðurkenndra safna á Suðurlandi. Svarendur voru beðnir um að hafa árið 2019 til hliðsjónar við svörun og var það vegna áhrifa Covid-19 á starfsemi safna og sýninga. Öll viðurkenndu söfnin á Suðurlandi fyrir utan Veiðisafnið eru rekin af sveitarfélögunum og þá jafnvel í gegnum héraðsnefndir sem þá skipa stjórn fyrir hvert safn. Eignarhaldið er eiginlega það eina sem viðurkenndu söfnin eiga sameiginlegt, en hvert og eitt þeirra hefur mikla sérstöðu á Suðurlandi og sérþekking starfsfólks er mikil.

Könnunin gaf ágætt yfirlit yfir viðhorf forstöðufólks um mögulega sameiningu eða samvinnu safna á Suðurlandi. Einnig skýrði könnunin hvernig samvinnu milli safnanna hefur verið háttað undanfarin ár og hvort að einhverjar þreifingar hafi verið um samstarf. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

Tækifæri til samstarfs viðurkenndra safna

Allir svarendur eru sammála að samstarf væri af hinu góða og eru jákvæðir gagnvart því að halda því áfram. Flest söfnin eru eða hafa verið í einhverju samstarfi við önnur söfn og sýningar. Oftast var samstarf við stærri söfn eins og höfuðsöfnin en einnig við minni söfn og þá voru oftast nefnd bókasöfn og héraðsaskjalasöfn í nærsamfélagi hvers safns fyrir sig. Samstarf við minni söfn eða sýningar voru út fyrir landshlutann og þá við safn eða sýningu sem hefur svipaða eða sömu sérstöðu og viðurkennda safnið á Suðurlandi. Svarendur nefndu að tækifæri væri til samstarfs um markaðssetningu, uppsetningu vefsíðna og aðgang að tæknilausnum sem eru ekki til hjá eldri söfnum. Samstarf gæti m.a. falið í sér ráðningu á sérfræðingum á sviði safnastarfs t.d. á sviði forvörslu, rekstrar, kynningarmála og sýningagerðar. Þá kom einnig fram að samnýting þekkingar og samsýningar gætu verið tækifæri fyrir söfnin til að vinna saman og ná þannig að kynna betur söfnin fyrir íbúum og gestum í landshlutanum. Einnig kom fram að samvinna safna geti m.a. leitt af sér gerð fræðsluefnis sem gæti nýst nemendum og skólum. Ýmis tækifæri til aukins samstarfs komu fram hjá svarendum t.d. með farandssýningum, samsýningum, samráði um vinnuferla og verkefni. Auk þess mætti horfa til starfsmannaskipta til auka við þekkingu og sýn þeirra á starfið á víðari vettvangi safnastarfsins. Einn svarenda benti á að tækifæri væri til samstarfs allra viðurkenndu safnanna um ráðningu forvarðar og þá með aðkomu SASS.

Tækifæri til sameiningar viðurkenndra safna

Þegar spurt var um hvar helstu samlegðaráhrif og tækifæri væru við sameiningu viðurkenndra safna nefndu flestir að það væri í mögulegri samnýtingu starfsfólks, yfirstjórn, miðlun þekkingar milli starfsfólks og að efla innra starf safnanna. Samlegðaráhrif eru líka þau að hafa aðgang að stærri safnaeign og mannauði. Einn svarandi nefndi að mögulega væri ávinningur af sameiningu innan sveitarfélaga sem fara með eignarhald á mörgum söfnum eða menningarstofnunum við að mynda menningar- eða safnaklasa innan síns sveitarfélags. Einnig kom fram að sameining viðurkenndra safna innan landshlutans væri ólíkleg en hins vegar mætti frekar skoða sameiningu við safn úr öðrum landshluta sem er með sömu sérþekkingu og starfsemi.

Síðust tvo áratugi hefur einu af viðurkenndu söfnunum verið falið að reka minni söfn innan síns sveitarfélags enda eigendur þeir sömu á þeim öllum. Ekki var um sameiningu að ræða heldur samrekstur að sögn svaranda. Svarendur nefndu tækifæri til aukins samstarfs eða jafnvel sameiningar hjá héraðsskjalasöfnunum á Suðurlandi, en á Suðurlandi eru fjögur slík söfn.

Hindranir við samstarf viðurkenndra safna

Að mati svarenda þá telja flestir að tímaleysi, miklar vegalengdir milli safna, fjármagnsskortur og mannekla letji til samstarfs. Rekstrargrundvöllur safnanna er ólíkur og sveitarfélögin, sum hver í gegnum héraðsnefndir, styðja misvel við safnastarfið. Þá eru stjórnir safnanna og héraðsnefndanna misvirkar sem hefur óneitanlega áhrif á starfsemi safnanna. Sérstaða safnanna er ákveðin hindrun en þau sem hafa verið í einhverju samstarfi við önnur söfn hafa flest leitað til safna með svipaða sérstöðu eða hafa sameiginlegan gestahóp. Þau söfn eru oftast ekki innan landshlutans nema í örfáum tilfellum.

Hindranir við sameiningu viðurkenndra safna

Svarendur voru allir mótfallnir sameiningu og meginástæðan var að söfnin eru mjög ólík og þar af leiðandi væri sérstaða hvers og eins þeirra mikil. Flestir nefndu einnig að landshlutinn væri mjög stór og að um langar vegalengdir væri að fara t.d. ef það ætti að samnýta mannauð. Starfsfólk með sérþekkingu innan hvers safns nýtist ekki vel og gæti það truflað rekstur og fagmennsku safnanna. Vert er að nefna að nýverið sameinuðust þrjú söfn í eitt í Vestmannaeyjum og eru þau rekin af Vestmannaeyjabæ.

Svarendur telja að grundvöllur þess að sameining safna eigi sér stað sé að þau séu með svipaða starfsemi og sérþekkingu og líta því frekar til safna í öðrum landshlutum. Að mati svarenda væri slík sameining varla til hagræðingar. Sem dæmi eru byggðasöfnin sem eru í flestum landshlutum, og eru þau rekin af því sveitarfélagi eða héraðsnefnd þar sem þau eru staðsett enda hlutverk þeirra að safna gripum og munum af því svæði sem þau tilheyra. Það er mikill skilningur á slíkri starfsemi innan hvers sveitarfélags og svæðis og þaðan kemur stuðningurinn. Ekki er víst að það gengi ef eignarhaldið væri með öðrum hætti. Einn svarandi benti á að árið 1994 hafi Byggða- og listasafn Árnesinga verið skipt upp í tvær stofnanir, annarsvegar Byggðasafn Árnesinga og hinsvegar Listasafn Árnesinga. Þessi skipting var vegna þess hversu ólík starfsemi var innan hvors safnhluta og virkaði ekki sem ein safnaheild. Eftir skiptinguna hafi söfnunum farnast betur. Allir svarendur nefndu að sameining hafi ekki komið til tals um þeirra safnastarfsemi og telja þeir ólíklegt að af sameiningu verði.

Gróska í safna- og sýningarstarfi á Suðurlandi

Á Suðurlandi er mikil flóra safna, sýninga, setra og safnavísa sem mikilvægt er að taka með í þessari samantekt. Könnun var einnig send út á þessa aðila í landshlutanum til að fá meiri dýpt og skilning á mögulegu samstarfi eða sameiningu. Sum þeirra eru nú þegar í einhverju samstarfi, starfa undir sömu stjórn eða eru í sama húsnæði og á það líka við um viðurkenndu söfnin.

Önnur safnatengd starfsemi, safnavísar, setur og sýningar



Í safnalögum er fjallað um aðra safnatengda starfsemi, safnavísa, setur og sýningar en á Suðurlandi er mikil flóra þessu tengt. Í 5. gr safnalaga kemur fram að safnavísar sinni safnatengdri starfsemi en uppfylli ekki öll skilyrði sem söfn til að hljóta viðurkenningu samkvæmt 10. gr safnalaga. Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun fremur en söfnun og varðveislu. Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun fremur en söfnun, varðveislu og rannsóknum. Allir ofangreindir geta notið styrks úr safnasjóði til skilgreindra verkefna í samstarfi við viðurkennd söfn.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>

Viðurkennd söfn á Suðurlandi: ① Byggðasafn Árnesinga ② Byggðasafnið Skógum ③ Listasafn Árnesinga
④ Menningarmiðstöðin á Höfn ⑤ Veiðisafnið ⑥ Sagheimar

Önnur söfn, sýningar, setur og safnavísar á Suðurlandi:

- | | | |
|---|--|---------------------------------------|
| 1. Anna Moldnúpi Eyjafjöllum | 16. Jarðhitasýningin ON Hellisheiði | 31. Sjómannasafnið Eyrarbakka |
| 2. Bakkastofa Eyrarbakka | 17. Keldur Rangárvöllum | 32. Sjómannasafnið Hafnleysa Vík |
| 3. Byggðasafn Árnesinga | 18. Kirkjubæjarstofa Kirkjubæjarklaustri | 33. Skaftafellingur Vík |
| 4. Byggðasafn Ölfusi | 19. Konubókastofa Árborg | 34. Skálholtsstaður Skálholti |
| 5. Eldheimar Vestmannaeyjum | 20. Kötluasetur Vík | 35. Skjálftinn 2008 Hveragerði |
| 6. Fischerasetur Sefossi | 21. Lava center Hvolsvelli | 36. Skyrland Selfossi |
| 7. Gamla sláturhúsið Örfæfum | 22. Lava Show Vík | 37. Steinasafnið Hveragerði |
| 8. Gestastofan Þingvellir | 23. Listasafn Svavars Guðnasonar Höfn | 38. Stöng Þjórsárdal Þjóðveldisbærinn |
| 9. Handverksskúrin Hellu | 24. Minjasafnið Gröf Flúðum | 39. Sæheimar Vestmannaeyjar |
| 10. Hellarnir við Hellu | 25. MUUR listagallerí Höfn | 40. Sögusetrið Hvolsvelli |
| 11. Hespusetur Ölfusi | 26. Njálurefillinn Hvolsvelli | 41. Tré og list Flóahreppi |
| 12. Húsið á Eyrarbakka | 27. Orka til framtíðar við Úlfjótsvatn | 42. Vatnajökulspjóðgarður Skaftafelli |
| 13. Hrein orka – betri heimur Sólheimum | 28. Uppspuni Rangárþingi | 43. Skaftárstofa Kirkjubæjarklaustri |
| 14. Hveragerðurinn Hveragerði | 29. Rjómbúið á Baugstöðum | 44. Þuríðarbúið á Stokkseyri |
| 15. Íslenski bærinn Flóahreppi | 30. Sesseljuhús umhverfissetur Sólheimum | 45. Þorbergssetur Hala í Suðursveit |

Samstarf eða sameining á Suðurlandi

Svör úr könnun sem send var á söfn, setur, sýningar og safnavísa á Suðurlandi styður að miklu leyti þær niðurstöður sem komu fram í könnuninni sem forstöðufólk viðurkenndu safnanna svaraði.


Allir svarendur höfðu áhuga á samstarfi og sögðu rúmlega 40% þeirra að einhverjar þreifingar hafi átt sé stað um samstarf við önnur söfn eða sýningar í landshlutanum. Þegar spurt var hvernig slíkt samstarf væri þá kom fram að samstarfið væri ekki mjög formlegt, aðallega tengt upplýsingagjöf, samnýtingu á húsnæði, lán á verkum og munum og stundum tengt auglýsingum og markaðsmálum. Mjög sjaldan eru farand- eða samsýningar þó flestir hafi áhuga á því en telja tímaskort og fjármögnun helst standa í vegi fyrir því.

Samstarf væri helst við aðila sem starfa á svipuðu starfssvæði og telja svarendur að fjarlægðir innan landshlutans vinni á móti samstarfi á Suðurlandi. Fram kom að svarendur hafa áhyggjur af því ef mörg söfn fara í samstarf að litlu söfnin eða sýningar geti týnst og/eða missi sérstöðu sína. Einnig voru áhyggjur af því að safnkostur tapist úr héraði og að ekki sé víst að um hagræðingu sé að ræða við aukið samstarf.

Þegar spurt var um hver helstu samlegðaráhrif samstarfs við önnur söfn eða sýningar gætu verið svöruðu flestir að samstarf um farandsýningar, samsýningar, markaðssetningu, upplýsingaflæði og sameiginlegar áherslur varðandi menningarstarf á landsbyggðinni myndu gefa mest.

Ekki voru svarendur áhugasamir um sameiningu en ef til þess kæmi þá yrði það helst innan sérþekkingar hvers safns, t.d. ef viðurkennt safn sameinaðist öðru minna safni eða sýningu sem hefur sömu sérstöðu og ekki væri ýkja langt á milli þeirra.

Viðurkenndu söfnin á Suðurlandi sem svarendur vildu helst starfa með:



Flest söfn, setur og sýningar höfðu mestan áhuga á samstarfi við Byggðasafnið í Skógum og þar á eftir við Listaafnið í Árnessýslu og Byggðasafn Árnesinga. Er það í nokkru samræmi við staðsetningu minni safna, setra og sýninga en þau eru flest í Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

Áhrif Covid-19 á söfn, setur, sýningar og safnavísa

Spurt var út í áhrif Covid -19 á starfsemi safna, setra, sýninga og safnavísa á Suðurlandi. Svarendur nefndu allir að mikill tekjumissir hafi verið á starfseminni, fáir erlendir gestir en nokkur aukning á íslenskum gestum sem er ánægjulegt. Einnig nefndu þeir lítil persónuleg samskipti við gesti og að viðburðahald hafi nánast alveg fallið niður.

Það jákvæða var að þeir gestir sem komu ferðuðust hægar um og höfðu mikinn tíma. Starfsfólk hafi einnig nýtt tímann vel í að endurskipuleggja reksturinn og sinnt ýmsu sem ekki hefur gefist tími til. Sumir fóru í endurbætur og tæknikunnátta starfsfólks jókst til muna enda eru mikil samskipti sem fara í gegnum fjarfundabúnað og sala á netinu hefur aukist.

Lokaorð

Markmiðið með þessari samantekt var að kanna hug forsvarsfólks viðurkenndu safnanna á Suðurlandi til samstarfs eða sameiningar innan landshlutans. Úr svörum við könnunum sem lagðar voru fyrir forsvarsfólk viðurkenndu safnanna og hins vegar forsvarsfólk annarra safna, setra, sýninga og safnavísa fékkst nokkuð góð samantekt fyrir Suðurland. Ljóst er að mikill vilji allra svarenda er fyrir auknu samstarfi en mörg þeirra hafa átt í einhverju samstarfi þó að það hafi ekki verið markvisst eða reglulegt. Helstu tækifæri til samstarfs að mati svarenda eru á vettvangi markaðs- og kynningarmála m.a. með uppsetningu vefsíðu og aðgang að dýrum og flóknum tæknilausnum. Inn á heimasíðu sudurland.is og south.is er hægt að sjá flest allt sem er í boði á Suðurlandi tengt söfnum, setrum og sýningum, og mögulega má nýta þessa gátt betur og sameinast um að efla hana. Á þeirri síðu býðst söfnum, setrum og sýningum m.a. að setja inn viðburði sem tengjast þeim.

Fram kom að það vantar sérfræðing í forvörslu á Suðurland og má horfa til þess sem mögulegt samstarfs innan landshlutans þar sem samstarfaðilar hafi aðgang að forverðinum. Farand- og samsýningar eru tímafrekar og kostnaðarsamar en flestir eru áhugasamir um slíkar sýningar. Skoða mætti betur að hvetja þessa aðila til að sækja aðstoð og jafnvel styrki til að koma þessu í verk. Stuðning til þess mætti einnig finna hjá sveitarfélögnum, bæði í formi fjármagns og/eða húsnæðis. Horfa mætti til tilraunaverkefnis í landshlutanum til reynslu í eitt ár. Einnig eru mikil tækifæri fyrir aðila í menningartengdri starfsemi eins og söfn og sýningar að sækja sér aðstoð ráðgjafa á vegum SASS og kynna sér vel m.a. Uppbyggingarsjóð Suðurlands sem styður menningartengd verkefni á Suðurlandi tvisvar á ári.

Tækifæri er að mati svarenda að efla héraðskjalasöfnin á Suðurlandi með aukinni samvinnu og jafnvel sameiningu en sí aukin krafa hefur verið á söfnin að gera efni þeirra aðgengilegt á netinu. Lögbundið hlutverk safnanna snýr að vörslu, rannsóknum og miðlun.

Að lokum kom sterklega fram að enginn áhugi er á sameiningu innan landshlutans og eru meginástæður þess að landshlutinn er gríðarlega stór og vegalengdir miklar. Nokkrar sameiningar hafa verið á ákveðnum svæðum í landshlutanum eins og í Vestmannaeyjum, Höfn og í Árnessýslu. Þar hefur áttu sér stað samþjöppun með hagræðingu að leiðarljósi og virðist það hafa heppnast vel að mati svarenda.

Viðurkenndu söfnin hafa öll sína sérstöðu og sinna sínu nærsvæði með söfnun og verndun muna undir verndarvæng sveitarfélaganna, en eignarhald fimm af sex viðurkenndu söfnunum er á höndum sveitarfélaganna eða héraðsnefndanna. Eignarhald á öðrum söfnum, setrum og sýningum er með ýmsum hætti sem gæti gert sameiningu við þau flókna. Engin umræða er í gangi um sameiningu að mati svarenda enda ekki ljóst hver ávinningur af því ætti að vera.



SASS
SAMTÓK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA